

## Umhverfisstofnun

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Akureyri 06.06.2016.

**Varðandi: Umsókn um starfsleyfi vegna urðunarstaðar við Bakkafjörð, Langanesbyggð, á grundvelli þess að sveitarfélagið falli undir undanþáguákvæði skilgreiningar afskekktar byggðar.**

Í framhaldi af starfsleyfisumsókn sem send var Umhverfisstofnun í nóvember 2015, samskipta fulltrúa sveitarfélagsins við UST, og í ljósi þess að skipulags- og umhverfismatsferli vegna urðunarsvæðisins er nú að fullu lokið er fyrir hönd sveitarfélagsins Langanesbyggðar óskað eftir veitingu starfsleyfis fyrir urðunarsvæðið við Bakkafjörð.

Óskað er eftir málsmeðferðar samkvæmt því að urðunarstaðurinn sé í afskekktri byggð samanber ákvæði 3. greinar reglugerðar nr. 738/2003.

Jafnframt er sótt um, á grundvelli ákvæða reglugerðar um afskekktar byggð, undanþágu frá kröfum um jarðfræðilega tálma og botnþéttingu, gassöfnun, söfnun sigvatns og viðveru starfsmanna.

**Rök fyrir því að Langanesbyggð falli undir skilgreiningu á afskekktri byggð samanber 3. grein reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs:**

- a) Samanber gögn frá Hagstofu Íslands eru íbúar í Langanesbyggð 505 einstaklingar miðað við 01.01.2016, þar af íbúar í þéttbýliskjörnunum á Þórshöfn 350 og á Bakkafirði 85.
- b) Langanesbyggð er alls 1.332 ferkílómetrar. Íbúafjöldi er því 0,38 íbúar á ferkílómetur.
- c) Fjarlægð á milli þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins eru 44 km.
- d) Næsti þéttbýlisstaður, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetur er væntanlega höfuðborgarsvæðið þar sem Akureyri, en þangað eru 250 km, telst líklega ekki nema 135 íbúar per km<sup>2</sup>. Næstu þéttbýlisstaðir aðrir, sem næst eru Langanesbyggð, eru

Húsavík í 159 km fjarlægð, Egilsstaðir í 197 km fjarlægð, Vopnafjörður, einnig skilgreindur sem afskekkt byggð, frá Bakkafirði 35 km og Þórshöfn 70 km. Fjarlægðin til stærri þéttbýlisstaðar er því alltaf yfir 50 km.

- e) Samgöngur innan sveitarfélagsins yfir Brekknaheiði og á milli Langanesbyggðar og næstu þéttbýlisstaða geta verið ákaflega viðsjárverðar og oft á tíðum mjög erfiðar vegna veðurskilyrða. Til að mynda liggur til Egilsstaða um Sandvíkurheiði, Vopnafjarðarheiði og Háreksstaðaleið, sem er hæst í tæpum 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Þessi leið er 197 km löng og þar af eru um 100 km á hálendi. Leiðin til Akureyrar, sem er um 250 km, liggur m.a. um Hófaskarð og Víkurskarð. Sú leið er oftast greiðfærari þó sterkur vindur, þoka, snjór og hálka valdi oft verulegum samgöngutrufnunum og skapi ferðahættu.

Af því sem hér að framan hefur verið greint frá verður að teljast að fáir staðir á landinu séu afskekktari, færðarlega krefjandi og takmarkandi en Langanesbyggð hvað samgöngur varðar.

Að öllu þessu samvegnu og með tilvísan í staðfest aðal- og deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins við Bakkafjörð er það mat sveitarfélagsins að eðlilegt og rétt sé að meta Langanesbyggð afskekktu byggð og veita samhliða undanþágu frá kröfum reglugerðar um jarðfræðilega tálma og botnþéttingu, gassöfnun, söfnun sigvatns og viðveru starfsmanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Langanesbyggðar



Halldór Jóhannsson

Skipulagsráðgjafi

[halldor@teikn.is](mailto:halldor@teikn.is)

461 2800 / 899 2828